

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/33/EB

frá 10. júlí 1995

um breytingu á tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu (¹), eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 82/471/EBE er kveðið á um að gera skuli reglulegar breytingar á viðaukanum við hana til að unnt sé að taka tilliti til framfara á sviði vísinda og tækni.

Rannsóknir á nýrri afurð í flokki prótínafurða sem eru fengnar úr örverum, í þessu tilviki úr gerlum, hafa leitt í ljós að hún hefur góð áhrif á svín, kálfa og laxfiska. Því ber að leyfa notkun þessarar nýju afurðar í dýrafæðu með vissum skilyrðum.

Af tæknilegum ástæðum í tengslum við framleiðslu verður að breyta lágsta leyfilega styrkleika af hreinu fljótandi L-lýsíní.

Vísindanefndin um dýrafæðu og vísindanefndin um matvæli hafa lagt fram álit um notkun prótínríkra afurða gerjaðra úr náttúrlegu gasi sem fæst með ræktun *Methylococcus capsulatus (Bath)*, *Alcaligenes acidovorans*, *Bacillus brevis* og *Bacillus firmus*.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Viðaukanum við tilskipun 82/471/EBE er hér með breytt eins og segir í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCLHER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 213, 21. 7. 1982, bls. 8.

VIÐAUKI

1. Í flokki 1.1 „Gerlar“ bætist eftirfarandi afurðarflokkur og afurð við:

1	2	3	4	5	6	7
Heiti afurðar-flokks	Heiti afurða	Táknun virka næringarefnisins eða örverutegund	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á)	Einkenni á samsetningu afurða	Dýrategund	Sérákvæði
„1.1.2. Gerlar ræktaðir með náttúrlegu gasi	1.1.2.1. prótínríkar afurðir gerjaðar úr náttúrlegu gasi sem fæst með ræktun: <i>Methylococcus capsulatus (Bath)</i> , <i>Alcaligenes acidovorans</i> , <i>Bacillus brevis</i> et <i>Bacillus firmus</i> , en frumum þeirra hefur verið eytt	<i>Methylococcus capsulatus (Bath)</i> stofn NCIMB 11132 <i>Alcaligenes acidovorans</i> stofn NCIMB 12387 <i>Bacillus brevis</i> stofn NCIMB 13288 <i>Bacillus firmus</i> stofn NCIMB 13280	Náttúrlegt gas: (u.þ.b. 91% metan, 5% etan, 2% própan, 0,5% ísóbútan, 0,5% n-bútan, 1% aðrir efnisþættir, ammóníak, ólífræn sölt	Hráprótín: lág. 65%	- Alisvín 25 til 60 kg - Kálfar 80 kg og þyngri - Laxfiskar	Eftirfarandi skal koma fram á merkimiða eða umbúðum afurðarinnar: - heiti: „Prótínrík afurð gerjuð úr náttúrlegu gasi sem fæst með ræktun <i>Methylococcus capsulatus (Bath)</i> , <i>Alcaligenes acidovorans</i> , <i>Bacillus brevis</i> og <i>Bacillus firmus</i> “ - hráprótín - hráaska - hráfitá - rakainnihald - notkunarleiðbeiningar - hámarks magn afurðarinnar í fóðrinu: - 8% alisvín - 8% kálfar - 19% laxfiskar (ferskvatn) - 33% laxfiskar (sjór) - tilmælin: „forðist innöndun“ Eftirfarandi skal koma fram á merkimiða eða umbúðum fóðurblöndunnar: - heiti: „Prótínafurð fengin með gerjun náttúrlegs gass“ - innihald afurðarinnar í fóðrinu“

2. Í lið 3.2.2 „Hreint fljótandi L-lýsín (basi)“ í flokki 3.2 „Lýsín“ í flokki 3. „Amínósýrur og sölt þeirra“ komi eftirfarandi texti í stað textans í 5. dálki: „L-lýsín: lág. 50%“.